



Læsisstefna

Grunnskóla Hornafjarðar

Maí 2022

Inngangur	3
Markmið og tilgangur	3
Læsi	3
Gildistími og endurskoðunarákvæði	3
Starfsþróun læsiskennara	4
Allir gegna hlutverki	4
Hlutverk nemenda	4
Hlutverk foreldra/forráðamanna	4
Hlutverk skólastjórnenda	4
Hlutverk sveitarfélagsins	5
Markmið aðalnámskrár	5
Talað mál, hlustun og áhorf	5
Lestur og bókmenntir	6
Lesskilningur	6
Lesfimiþjálfun	6
Ritun og miðlun	7
Málfræði	8
Skimanir og próf	8
Íhlutun	12
Skil milli skólastiga og samfella íhlutunar	13
Fyrirkomulag íhlutunar og aðgerðaáætlun	13
Stuðningur við nemendur með íslensku sem annað tungumál	13
Greiningar	13
Bjargir fyrir nemendur með lestrarerfiðleika	13
Þátttaka foreldra vegna lestrarerfiðleika barns	13
Lestrarmenning	14
Yndislestur	14
Nestislestur	14
Sumarlestur	14
Samstarf við önnur skólastig	14
Upplestrarkeppnir	15
Skólabókasafn	15

Inngangur

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta (2011:31-32) er grunnskólum skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Markmið grunnskóla er samkvæmt lögum tvíþætt. Annars vegar almenn menntun sem stuðlar að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar að búa nemendur undir þátttöku þeirra í atvinnulífinu og frekara nám. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og er meginforsenda þess að nemendum sækist nám vel.

Markmið og tilgangur

Læsisstefnan lýsir áætlun sem kennarar og stjórnendur Grunnskóla Hornafjarðar vinna eftir til að ná markmiðum aðalnámskrár. Kjarni hennar er að allir nemendur fái þjónustu við hæfi, að allir nemendur nái eins góðum árangri og þeir hafa forsendur til og að læsiskennslan verði öllum nemendum gott veganesti þegar þeir halda út í lífið.

Læsi

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á Læsi einskorðast ekki við lestur, heldur snýst læsi að auki um að skilja inntak texta, miðla efni hans og nýta sér innihald hans. Góð færni í læsi er undirstaða alls náms og er sú færni mjög mikilvæg til þess að einstaklingar geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Nauðsynlegt er að læsiskennsla feli í sér fjölbreytta vinnu með mál, samskipti og miðlun. Mikilvægt er að kennarar hafi frelsi til að útfæra leiðir með fjölbreyttum og einstaklingsmiðuðum kennsluaðferðum.

Gildistími og endurskoðunarákvæði

Mikilvægt er að læsisstefnan sé lifandi skjal í stöðugri þróun og því mun teymið Leið til árangurs tryggja það að henni sé haldið lifandi og sjá til þess að hún verði endurskoðuð á tveggja ára fresti. Skólaárið 2021-2022 var læsisstefna Grunnskóla Hornafjarðar endurskoðuð af teymi kennara og stjórnenda. Hún var borin undir kennara skólans og samþykkt þann 9.maí 2022.

Starfspróun læsiskennara

Fram kemur í starfspróunaráætlun Grunnskóla Hornafjarðar að skólinn leggur áherslu á að halda reglulega námskeið fyrir allt starfsfólk skólans sem stuðla að öflugra námsumhverfi og bættum skólabrag.

Reglulega er farið í skólaheimsóknir og námsferðir sem öllum starfsmönnum gefst kostur á að fara í og eru hluti af símenntunaráætlun skólans.

Starfspróun kennara lýkur aldrei, því er fylgst vel með þeim nýjungum og rannsóknum sem koma fram í því skyni að efla þekkingu kennara í læsiskennslu.

Allir gegna hlutverki

Hlutverk nemenda

Hlutverk nemenda er að öðlast þekkingu og nýta sér hana með stuðningi og hvatningu foreldra/forráðamanna og kennara. Eftir því sem nemendur eldast bera þeir meiri ábyrgð á eigin námi.

Hlutverk foreldra/forráðamanna

Foreldrar/forráðamenn eru fyrirmyndir barna sinna. Mikilvægt er að lesið sé fyrir börn og þau venjist því að hlusta á lesinn texta, orð séu útskýrð og spurðar spurningar út frá textanum, vegna þess að í bókum er notað fjölbreyttara málfar en í talmáli þannig byggja börn upp orðaforða sinn (Christophersen & Mortweet, 2004). Í læsinnámi þarf að tryggja að börnin hafi gott aðgengi að lesefni og umhverfi þeirra sé lestrarhvetjandi.

Hlutverk kennara

Hlutverk kennara er að læsiskennsla verði með fjölbreyttum hætti, mæti þörfum nemenda og veki og viðhaldi áhuga þeirra. Einnig að tryggja að nemendur hafi aðgengi að fjölbreyttu og áhugaverðu námsefni. Kennarar fylgjast vel með námi nemenda og veita íhlutun ef nemandi á við námsörðugleika að stríða. Mikilvægt er að kennarar séu í góðu samstarfi við nemendur og foreldra/forráðamenn.

Hlutverk skólastjórnenda

Hlutverk skólastjórnenda er að skapa gott námsumhverfi. Þeir marka stefnu í læsi sem starfsfólk skólans framfylgir. Skólastjórnendur fylgja eftir niðurstöðum skimana og prófana, greina vanda og finna lausnir í samstarfi við kennara.

Hlutverk sveitarfélagsins

Hlutverk sveitarfélagsins er að marka sér ákveðna stefnu í læsismálum og ganga í takt við heimili og skóla. Allir samfélagsþegnar þurfa að hafa gott aðgengi að lestrarrefni, námsefni og upplýsingum. Sveitarfélagið þarf að hafa gott bókasafn og góða aðstöðu til náms sem hvetur fólk til læsis.

Markmið aðalnámskrár

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er læsi skipt í fjóra þætti; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar og tekið þátt í umræðum af ýmsu tagi. Þeir sem hafa gott vald á töluðu máli, framsögn og samræðum eru betur færir um að taka þátt í samfélagsumræðunni og eiga jafnan auðvelt með að miðla af þekkingu sinni.

Frá upphafi skólagöngu þarf að leggja áherslu á að nemendur æfist í að tjá sig og fá leiðsögn um framsögn. Nauðsynlegt er að eðlileg stígandi sé í náminu. Í upphafi er lögð áhersla á þjálfun í einföldum frásögnum og endursögnum, þátttöku í almennum samræðum og hlutverkaleikjum. Gæta þarf að eðlilegum framburði allra málhljóða. Síðar bætist við kennsla um einkenni talmáls og frekari þjálfun í tjáningu og rökræðum.

Veigamikill þáttur í almennri menntun er að kunna að hlusta og horfa með athygli og á gagnrýninn hátt. Nauðsynlegt er að geta numið þær upplýsingar sem miðlað er með ýmiss konar hljóð-, mynd- og margmiðlun og túlkað og metið þær með gagnrýni í huga.

Hlustun er stór þáttur í mannlegum samskiptum. Mikilvægt er að nemendur læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana þeirra í umræðum og rökræðum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt.

Lestur og bókmenntir

Traust læsi felur m.a. í sér þá hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til annarra. Texti getur verið samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóð og hreyfimynd. Ekki má gleyma því að margt af því sem nemendur lesa á vefmiðlum er ekki ritrynt eða ritstýrt á nokkurn hátt en það gerir kröfu til þess að textinn sé lesinn með gagnrýnum huga og lesandinn hafi yfir ýmsum leiðum til lesskilnings og túlkunar að ráða. Að meta áreiðanleika upplýsinga er þó nokkur áskorun.

Nemendur kynnast best íslenskum menningararfi með lestri ýmiss konar bókmennta. Í gegnum bókmenntir geta nemendur fundið fyrirmyndir og sett sig í spor persóna.

Megin lestrarkennsluaðferð í Grunnskóla Hornafjarðar er hljóðaaðferð en hún er mjög árangursrík leið til að kenna flestum nemendum umskráningu lestrar en aðferðin kennir börnum að umbreyta bókstöfum í hljóð og orð. Leitast er við að byggja ofan á þá færni sem nemendur koma með úr leikskóla og aukið samstarf leik- og grunnskóla stuðlar að því að auðveldara er að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur við upphaf 1. bekkjar. Lestur og lestrarkennsla er ferli sem á sér stað alla skólagönguna. Markmiðið er að við lok skólagöngu í Grunnskóla Hornafjarðar hafi allir nemendur náð sinni bestu mögulegu lestrarfærni.

Lesskilningur

Lesskilningurinn á sér rætur í málskilningi nemandans en orðasafn hans byrjar að myndast strax við fæðingu. Sýnt hefur verið fram á að stærð orðasafns hafi mikið forspárgildi um námsárangur og það skiptir því miklu máli að börn búi við gott málátlæti allt frá unga aldri. Börn hefja nám í grunnskóla með misstórt orðasafn en sýnt hefur verið fram á að þessi munur eykst eftir því sem námi vindur fram. Þess vegna er mikilvægt að kenna nemendum aðferðir sem efla orðaforða og lesskilning allt frá upphafi lestrarnáms.

Lesskilningur þróast oftast samhliða almennri lestækni og eftir því sem lestæknin verður þjálli þeim mun betri verður lesskilningurinn. Ef upp kemur lesskilningsvandi þrátt fyrir góða lestækni er lögð áhersla á að leita orsaka og bregðast við í samræmi við vandann.

Lesfimiþjálfun

Í Grunnskóla Hornafjarðar er stuðst við matsramma fyrir lesfimi frá Menntamálastofnun sem metur tjáningu, sjálfvirkni lestrar, hljómfall og hendingar, flæði. Því er nauðsynlegt að þálfunin taki mið af þessum atriðum. Mikil áhersla er á að heimilin taki virkan þátt í

læsisnámi barna í samvinnu við skólann, með jákvæða skólaþróun og besta mögulega námsárangur að leiðarljósi.

Talið er að of létt lestrarefni leiði síður til árangurs í lestrarnámi og því sé mikilvægt að velja lesefni sem felur í sér nokkra áskorun fyrir nemendur. Lesefnið má þó ekki vera of þungt því ef umskráningin verður of fyrirhafnarmikil er hætt við að nemandinn gefist upp og lesskilningurinn verði lítill.

Nemendur eru látnir lesa upphátt til að sá sem hlustar fái innsýn inn í umskráningarferlið en þetta er eina leiðin til að meta stöðu þess. Þegar lestur nemenda er orðinn áreynslulaus og nákvæmur má draga úr því að láta þá lesa upphátt en það getur þó verið gott fyrir kennara að láta alla nemendur lesa upphátt fyrir sig reglulega til að kanna nákvæmni og hvort lestrarlag sé gott.

Meginástæðan fyrir því að nemendur, á fyrstu stikum lestrarnáms, eru látnir lesa texta tvisvar er til að gefa þeim svigrúm til að umskrá og fá leiðsögn frá lestrarþjálfara eða kennara. Við annan lestur er búið að leysa úr öllum orðunum og merking textans augljósari. Þannig gefst lesaranum ráðrúm til að hlusta á lestur sinn flæða betur og fá staðfestingu á merkingu textans. Endurtekinn lestur á texta flýtir einnig fyrir þróun orðmyndalestrar svo kostirnir eru ótvíræðir. Ef lestrarbók er hæfilega þung ættu tveir lestrar að duga en í einhverjum tilvikum gætu nemendur haft ávinning af því að lesa texta þrisvar. Það ætti ekki að vera algild regla heldur ætti aðeins grípa til þriðja lestrar ef ástæða er til og barnið tilbúið til þess. Þegar lesturinn er farinn að flæða nokkuð vel og lestrarlag gott er ekki ástæða til að lesa texta tvisvar heldur láta nemendur lesa hann einu sinni í því augnamiði að komast yfir meira efni.

Á fyrstu stikum lestrarnáms þurfa nemendur að lesa upphátt svo hægt sé að fylgjast með umskráningunni og leiðréttu villur í lestri. Tíu mínútna raddlestur í einu er hæfilegur en hætt er við að raddlestur í lengri tíma þreyti sérstaklega unga nemendur. Ávinningurinn af lengri þjálfunartíma er ekki augljós og getur leitt til leiða. Þetta þurfa kennarar þó að meta og ef gera á kröfu um lengri lestartíma getur verið gott að hafa þjálfunina fjölbreytta með því að bæta inn kórlestri, skiptilestri eða bergmálslestri. Það getur verið viðkvæmt mál fyrir nemendur á eldri stikum að lesa upphátt fyrir kennara og því þurfa kennarar að leita leiða til að gera það á eins nærgætinn hátt og hægt er.

Ritun og miðlun

Mikilvægt er að nemendur búi yfir fjölbreyttum aðferðum til að miðla þekkingu sinni, hugsunum og upplifun. Með því eiga þeir greiðari leið að samskiptum við aðra og geta haft áhrif í samfélagi sínu. Þjálfun í ritun miðar meðal annars að því að segja frá, segja

skoðanir sínar, tjá tilfinningar, fræða og halda utan um upplýsingar. Í skólanum er unnið eftir markvissum ritunarferlum og fjölbreyttir tæknimöguleikar eru nýttir við ritunarkennslu.

Ritun þarf að kenna í tengslum við lestrarkennslu. Hún leiðir til meiri lesturs, eykur orðaforða og eflir rökhugsun. Allur lestur styður því við ritun og öll ritun styður við lestur. Ritun og stafsetning er ferli sem þróast samhliða og styður hvort annað. Ritun krefst skipulags og að nemendur nýti sér þekkingargrunn sinn, reynslu og upplifanir til að koma frásögnum sínum á blað (Læsisstefna Breiðholts 2020).

Fjölbreyttar leiðir í stafsetningarkennslu eru heppilegar til að ná sem bestum árangri. Kenna þarf stafsetningarreglur, rétta stafsetningu og uppruna orða. Rétt stafsetning lærist með því að nota orðin, sjá þau á prenti, bera þau fram, fjalla um þau og setja í samhengi við önnur orð og orðasambönd.

Málfræði

Nemendur kunna málfræði síns eigin móðurmáls að langmestu leyti þegar skólaganga þeirra hefst. Flestir nemendur eru komnir með þann grunn sem þarf í málfræði til að halda uppi samræðu og kunna að beygja sagnir nokkuð rétt. En nemendur þekkja ekki hugtökin sem málfræðin og málfræðikennsla byggir á.

Markmið málfræðikennslu er að glæða áhuga nemenda á íslensku (Aðalnámskrá, 2011). Málfræðihugtök eru nauðsynleg þegar rætt er um málin til þess að skilja og geta lært íslensku og önnur mál. Mikilvægt er að umfjöllun um málfræði styðjist við færni nemenda í máli og miði að því að efla sjálfstraust þeirra og vitund um eigin færni. Málfræðikennsla á að hafa það markmið að efla nemendur í að leika sér með tungumálið. Orðhlutar og einstaka einingar, samsetningar orða, rím, málshættir og orðaleikir eru tilvalin til að efla og glæða þennan áhuga.

Skimanir og próf

Tilgangur skimana er tvíþættur, annars vegar að fá upplýsingar um stöðu nemenda og hins vegar að veita þjónustu sem er í samræmi við þær upplýsingar sem skimunin gefur. Fyrirlögn skimana er tilgangslaus nema niðurstöður séu notaðar markvisst til að bæta kennslu og efla þannig nemandann. Það er á ábyrgð umsjónarkennara og sérgreinakennara að mæta þörfum nemenda og leita aðstoðar stoðþjónustu ef þörf er á.

Til að fylgjast með framförum nemenda og greina hvort grípa þurfi til sértækra aðgerða er nauðsynlegt að meta stöðu hvers nemanda með reglulegu millibili. Stöðupróf í lestri

og lesskilningi eru tekin nokkrum sinnum á ári til að meta stöðuna og greina hvort um eðlilegar framfarir er að ræða.

Fyrirlögn skimana er yfirleitt í höndum umsjónarkennara og/eða sérkennara. Þegar niðurstöður eru ljósar fá nemendur, foreldrar og kennarar upplýsingar þar um. Í kjölfarið er gripið til íhlutunar. Og stundum er tilefni til nánari greiningar á niðurstöðu nemenda.

Fjölbreytt matstæki eru notuð til að greina stöðu nemenda og í framhaldinu er brugðist við niðurstöðunum.

Matstæki	Bekkur	Áherslupættir	Viðbrögð við niðurstöðum
Stafakönnun	1.	Afla upplýsinga um stafapekkingu nemenda á fyrstu stigum lestrarnáms.	Upplýsingarnar á að nota til að finna veikleika í stafapekkingu og skipuleggja endurinnlögn og þjálfun til að tryggja að endurpekking bókstafa og hljóða og ritun bókstafanna verði fullkomlega sjálfvirk.
Leið til læsis	1.	Kannaður er undirbúningur nemendahópsins í læsisþáttunum; málskilningur, stafir og hljóð, hljóðkerfis- og hljóðavitund. Bakgrunnur kannaður hjá foreldrum með gátlista.	Nemendur utan áhættu halda sínu striki. Nemendur í áhættu fá þjálfun í litlum hópum eða einstaklingslega.

Lesferill	1.– 10.	Lesfimipróf Lesferils eru stöðupróf þar sem metnir eru tveir þættir í lestri nemandans; sjálfvirkni lestrar og lestrarnákvæmni.	Nemandi yfir viðmiði 2 þarfnast ekki íhlutunar. Nemandi yfir viðmiði 1 tekur stuðningsprófin orðleysulestur og sjónrænn orðaforði. Nemandi undir viðmiði 1 tekur stuðningsprófin orðleysulestur og sjónrænn orðaforði.
Lesferill: Stuðningsprófið orðleysulestur *	1.- 10.	Lestur orðleysa metur þekkingu nemanda á tengslum bókstafs og hljóðs sem er undirstaða umskráningar í lestri.	Nemandi rétt yfir viðmiði 1 – yngri nemendur: íhlutun ræðst af frammistöðu. Nemandi með veikleika miðað við jafnaldra fer í stafakönnun og hljóðaaðferðin er styrkt.
Lesferill: Stuðningsprófið sjónrænn orðaforði *	1.- 10.	Sjónrænn orðaforði er safn orðmynda þar sem nemandinn þekkir hljóðræna og sjónræna mynd orða ásamt merkingu fyrirhafnarlaust og án umhugsunar.	Nemandi rétt yfir viðmiði 1 – yngri nemendur: íhlutun ræðst af frammistöðu. Nemandi með veikleika miðað við jafnaldra fer í þjálfun í uppbyggingu sjónræns orðaforða.

<p>Lesferill: Matsrammi fyrir lestrarlag</p>		<p>Ramminn skiptist í fjóra þætti: tjáningu, sjálfvirkni lestrar eða leshraða, hljómfall og hendingar og flæði.</p>	<p>Nemandi með 4-6 stig þarf þjálfun í flestum þáttum lesfiminnar.</p> <p>Nemandi með 7-11 stig er á réttri leið en þjálfar þarf einstaka þætti lesfiminnar betur.</p> <p>Nemandi með 12-16 stig hefur náð fullnægjandi tókum á lesfimi út frá viðmiðum fyrir aldur.</p>
<p>Logos</p>	<p>3., 6. og 8.</p>	<p>Prófbættirnir greina færni í leshraða, lesskilningi, skilningi á hlustun, umkóðunarfærni og annarri lestrartengdri færni.</p> <p>Flestir prófbættir eru metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflýtis.</p> <p>Nemendur með veikleika í orðleysulestri og sjónrænum orðaforða fara í Logos.</p>	<p>Séu lestrarerfiðleikar staðfestir heldur þjálfun áfram ásamt því [GLG4] að nemandi fær aðgang að Hljóðbókasafninu.</p>

Orðarún	3.- 8.	Spurningar í Orðarún reyna í stórum dráttum á ferns konar færni: <ul style="list-style-type: none"> • Að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar. • Að draga ályktanir af því sem ekki er sagt með berum orðum í texta. • Að átta sig á meginefni texta. • Að útskýra orð og orðasambönd. 	Niðurstöður prófsins segja fyrst og fremst til um hvernig til hefur tekist í námi og kennslu O _[GLG5] g er prófið því leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemandann í námi.
Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna		Læsi og talnaskilningur. Lagt fyrir á móturmáli nemandans.	Grunnur að ákvörðunartöku um staðsetningu nemanda í námshóp.

*Eðlilegt er að stuðningsprófin séu notuð oftast með ungum nemendum sem eru að ná tókum á lestri á meðan forsendur þeirra til lestrarnáms eru að skýrast.

Íhlutun

Rannsóknir benda til mikils einstaklingsmunar í flestum þáttum læsis strax í upphafi lestrarnáms. Sé ekkert að gert eykst sá munur þegar líða tekur á skólagönguna. Því er til mikils að vinna að bera sem fyrst kennsl á og styðja sérstaklega við þau börn sem þurfa á stuðningi að halda og koma þannig í veg fyrir að þau dragist aftur úr í málproska og læsi.

Skil milli skólastiga og samfella íhlutunar

Brúum bilið er samstarf leik- og grunnskóla á Höfn sem hefur meðal annars það að markmiði að skapa samfellu í námi barna/nemenda á þessum skólastigum og leggja drög að farsælu námi þeirra. Þegar barn fer í grunnskóla fylgja niðurstöður úr Hljóm 2, ásamt niðurstöðum annarra athugana sem nýst geta barninu í áframhaldandi skólagöngu. Niðurstöðum skimunarinnar *Leið til læsis* í 1.bekk er skilað til leikskóla.

Fyrirkomulag íhlutunar og aðgerðaáætlun

Ábyrgðaraðilar stoðþjónustu Grunnskóla Hornafjarðar sjá til þess að aðgerðaáætlun sé unnin, bera ábyrgð á að henni sé framfylgt og hún endurmetin með tilliti til árangurs af henni. Aðgerðaráætlunin er svar við niðurstöðum matstækja (sjá íhlutunarlíkan).

Stuðningur við nemendur með íslensku sem annað tungumál

Huga þarf vel að stuðningi við nemendur með íslensku sem annað tungumál hvað varðar hljóð íslensku bókstafanna ásamt því að leggja mikla áherslu á orðaforða þegar kemur að íslenskunámi en jafnframt þarf að gefa þeim tækifæri til að rækta móðurmálið sitt samhliða.

Greiningar

Unnið er strax með niðurstöður þeirra greininga sem barn fær í formi íhlutunar. Gefi íhlutun í kjölfar skimana eða prófs ekki viðunandi niðurstöðu er farið í að greina betur ástæður vandans.

Aðlagað mat á árangri

Einstaka nemendur eiga í töluverðum erfiðleikum með að ná tókum á lestri vegna lestrarvanda eða þroskafrávika og fyrir þessa nemendur getur það reynst mikil raun að þreyta lesfimiþróf árgangs síns. Ef kennari/skóli telur að ekki fáist nægar upplýsingar um stöðu lesfimi nemanda með því að leggja fyrir hann lesfimiþróf Lesferils þarf að ræða bæði við nemandann og foreldra um að leggja annars konar próf fyrir. Sama á við um lesskilningsmat.

Bjargir fyrir nemendur með lestrarerfiðleika

Nemendur með lestrarerfiðleika þurfa að hafa aðgang að ýmiskonar stuðningi. Hljóðbækur, lesglærur, hljóðbókasafn, lestraraðstoð fullorðins einstaklings, ýmsar vefsíður sem styðja við réttitun og hjápartæki í snjalltækjum eins og lestrar- og ritunarforrit.

Þátttaka foreldra vegna lestrarerfiðleika barns

Samstarf foreldra og skóla er mikilvægt, glími barnið þeirra við lestrarerfiðleika. Umsjónarkennarar og sérkennarar hitta nemanda og foreldra og leiðbeina þeim með hvernig hægt er að sinna þjálfun og leiðbeina þeim um þær bjargir sem í boði eru.

Lestrarmenning

Eitt mikilvægasta verkefni skóla er að skapa lestrarmenningu sem ýtir undir jákvætt viðhorf til lestrar. Í Grunnskóla Hornafjarðar eru margvíslegar leiðir farnar í þeim tilgangi. Nokkur verkefni hafa fest sig í sessi og hér eru talin upp þau helstu sem unnin eru í skólanum en að auki er margt annað gert til að stuðla að sterkri lestrarmenningu. Svona verkefni eru í sífelldri þróun og eðlilegt að ný verkefni skjóti upp kollinum og önnur detti út í staðinn.

Yndislestur

Allir nemendur fá reglulega yndislestrarstund þar sem þeir lesa bækur að eigin vali. Einnig eru nemendur hvattir til að stunda yndislestur heima.

Nestislestur

Nestislestur er mikilvægur liður í að efla lestrarmenningu skólans en þá lesa kennarar fyrir nemendur á meðan þeir njóta ávaxtabitans. Nestislestur er notaleg stund sem getur vakið áhuga nemenda á lestri fleiri bóka um sömu sögupersónur eða eftir sama rithöfund.

Sumarlestur

Skólinn hvetur nemendur til að lesa yfir sumartímann til þess að missa ekki niður þá lestrarfærni sem náðst hefur yfir veturinn. Menningarmiðstöð Hornafjarðar hefur efnt til sumarlesturs sem fer af stað eftir að skóla lýkur á vorin. Skólinn hvetur nemendur til að taka þátt í verkefninu en því lýkur um það leyti sem skólar hefjast.

Samstarf við önnur skólastig

Grunnskóli Hornafjarðar á í samstarfi við leikskólann Sjónarhól. Í tengslum við dag íslenskrar tungu lesa nemendur 7. bekkjar fyrir börnin á leikskólanum og er það jafnframt upphaf að æfingum fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Kennarar yngstu nemenda grunnskólans og starfsfólk leikskóla sækja stundum sameiginleg námskeið.

Upplestrarkeppnir

Nemendur 4. bekkjar taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni og nemendur 7. bekkjar taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Markviss undirbúningur fer fram fyrir keppnirnar og allir nemendur þjálfast í að lesa upphátt og að koma fram. Nemendur lesa ljóð og texta úr skáldsögum og þjálfast því í upplestri ólíkra textategunda. Í æfingarferlinu lesa

nemendur m.a. upphátt úr kjörbókum en það getur vakið áhuga samnemenda á ákveðnu lestrarefni eða rithöfundum.

Skólabókasafn

Skólabókasafnið gegnir mikilvægu hlutverki í skólastarfinu. Skólabókasafnið er miðstöð lestrarmenningar skólans og hlutverk þess er að vinna að því að bæta viðhorf nemenda til lestrar og gera þá virkari í eigin lestrarnámi. Skólabókasafnið er opið nemendum á opnunartíma skólans en á yngsta- og miðstigi eiga nemendur einnig fastan tíma á bókasafninu.